

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurá Stekkjarvík Stekkjarvík



Dags eftirlits	28.11.2014	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Norðurá Stekkjarvík	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Heimili	Skagfirðingabraut 17	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5602060620	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Viggósson	ÍSAT nr.	38.21
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús B. Jónsson	Staðsetning	441620,709 580284,876

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsemi í Stekkjarvík er komin í góðan farveg. Ekki eru gerðar athugasemdir en eitt nýtt frávik var staðfest í eftirlitinu og tvö frávik frá síðasta eftirliti eru í úrbótaferli, þ.e. áætlun um framkvæmd söfnunar hauggass er í vinnslu í samráði við Umhverfisstofnun og helstu viðmið um mælingar á hauggasi liggja nú fyrir. Leggja þarf fram mælingaáætlun og skal hún miðast við líklega hauggasmyndun (aldur, samsetning úrgangs, þykkt úrgangslags, urðunaraðferð o.fl.) í þeim hlutum urðunarsvæðis sem hauggass er að vænta. Nýtt frávik er varðar mengun neðan hreinsivirkis fyrir sigvatn var staðfest í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Á fundi í eftirlitinu var eftirfarandi rætt:

1. Starfsemi í Stekkjarvík árið 2014
2. Móttaka og skráning úrgangs
3. Úrbætur fráviks og athugasemda úr síðasta eftirliti

1. Starfsemin í Stekkjarvík er komin í fastann farveg og hefur gengið vel í ár. Urðun sláturúrgangs er nokkuð vandasöm þar sem hann inniheldur iðulega nokkuð mikið af vökva og fita getur valdið vandræðum. Rekstraraðili vinnur að mótvægisáðgerðum m.a. með söfnun og fjarlægingu á vökva og fitu úr sláturúrgangshólfi svo fráveita og hreinsivirki hafi undan.

2. Móttaka og skráning úrgangs var rædd. Úrgangshafa eða umsjónaraðila hans ber að láta eiginleikalýsingu o.fl. upplýsingar í té við móttöku úrgangs. Móttökuaðili þarf að hafa eftirlit með innkomnum úrgangi enda ber hann ábyrgð á honum eftir móttökuna. Meðhöndlun úrgangs ræðst af eiginleikum hans og eru réttar upplýsingar forsenda góðrar meðhöndlunar og var málið rætt. Sérstök eyðublöð fylgja sláturúrgangsförmum, en fyrir aðrar úrgangstegundir fylgja yfirleitt aðeins uppl. um úrgangstegund og magn. Sjá nárar gr. 9-11 og viðauka II í rgl 738/2003

3. Sjá eftirlitsskýrslu dags.3.6.14 - frávik 1 um mælingar á hauggasi: Rekstraraðili lét mæla hauggasmyndun 13.08.2014 en niðurstöðurnar voru nokkuð frá því sem búast hefði mátt við og gefa ekki nægilegar vísbendingar um hauggasmyndun í Stekkjarvík. Skv. ofanefndri reglugerð (2),sjá viðauka III, skal rekstraraðili hafa eftirlit með hauggasi og skal eftirlitið, "...gefa rétta mynd af hverjum hluta urðunarstaðarins". Mælingarnar skal gera mánaðarlega fyrir nokkrar gastegundir en ársfjórðungslega fyrir aðrar á rekstartíma urðunarstaðarins. Ekki er tilgreint hvenær hauggasmælingar eiga að hefjast en til að byrja með myndast ekki metan. Mismunandi er hvenær metanmyndun hefst, en áætla má um slíkt út frá ýmsum þáttum. Unnið er að því að ákvarða hvenær beri að hefja hauggasmælingar sjá undir "Annað". Frávik 2 varðar söfnun hauggass. Eins og hvað snertir mælingar á hauggasi vinnur rekstraraðili að uppsetningu söfnunarkerfis í samræmi við ofanefnda reglugerð.

Í síðasta eftirliti voru athugasemdir gerðar við mæliniðurstöður á vatni. Líklegast er að vökvi frá sláturúrgangsgryfju hafi leitt til þess að virkni hreinsivirkis minnkaði og nokkrir mælipættir eins og COD reyndust nokkuð háir. Ráðist var í úrbætur (sjá ofar undir lið 1) og er þess nú vænst að sigvatnskerfi sé komið í lag. Gera má ráð fyrir, ef mótvægisáðgerðir bera árangur, að útfellingar og eða þekjur rotvera dofni og hverfi jafnvel alveg.

Urðunarsvæðið í Stekkjarvík var skoðað í upphafi eftirlitsins en síðan tók við fundur um yfirferð gagna.

Frávik frá

ákv. 5.3 er kveður á um að merki mengunar, þekja örvera eða útfellingar, megi hvergi vera við útrás fráveituvatns.

Lýsing á fráviki

Útfellingar og eða þekjur rotvera sáust neðan girðingar (næst fjöruborði) þar sem sigvatn rennur til sjávar, sjá einnig undir liðnum Umfang, lið 3

Rekstraraðili vinnur að úrbótum í samráði við Umhverfisstofnun, hvað varðar söfnun og mælingar á hauggasi (tvö frávik, sjá eftirlitsskýrslu dags. 1.7. 2014. Haldinn var fundur með Gunnari Svavarssyni Eflu, vegna þessa þann 10.12.14 þar sem farið var nokkuð ítarlega í gerðar mælingar á hauggasi og viðmið um söfnun hauggass. Þá var einnig rætt um hauggasmælingar almennt, hvaða þætti bæri að hafa til hliðsjónar við ákvörðun á hauggasmyndun o. s.frv.

Reykjavík, 26.01.2015



Gottskálk Friðgeirsson

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.